

Föstudaginn 19. janúar 1996.

Nr. 17/1996.

**Agnes Jónsdóttir og
Eyrún Jónsdóttir**

(Vilhjálmur Þórhallsson hrl.)

gegn

Jóni V. Guðmundssyni

Guðmundu H. H. Guðmundsdóttur

Sigrúnu R. Guðmundsdóttur

Sólrúnu Guðmundsdóttur

Valgerði G. Guðmundsdóttur

Lilju Vilhjálmsdóttur

Arnfríði Vilhjálmsdóttur

Bjarna Bergssyni

Guðbergi Bergssyni

Vilhjálmí Bergssyni

Hinrik Bergssyni

Erlu Jónsdóttur

Kristjáni I. Einarssyni

Hildi Einarsdóttur og

Ásdísi Einarsdóttur

(Garðar Garðarsson hrl.)

Kærumál. Dánarbússkipti. Arfleiðsla.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðilar skutu málinu til Hæstaréttar með kæru 29. desember 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 11. janúar 1996. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjaness, upp kveðinn 18. desember 1995, þar sem hafnað var kröfu sóknaraðila um, að metin yrði gild ætluð munnleg arfleiðsla Herthu W. Guðmundsson frá 17. nóvember 1994, eins og hún birtist í óundirrituðu uppkasti að erfðaskrá, dagsettri 22. sama mánaðar. Var dæmt, að við skipti á dánarbúi Herthu skyldi helmingur eigna koma í hlut varnaraðila. Kæruheimild er í 133. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o. fl. Sóknaraðilar krefjast þess aðallega, að fyrrgreind arfleiðsla

verði metin gild og lögð til grundvallar við skipti á dánarbúi Herthu W. Guðmundsson. Til vara krefjast sóknaraðilar þess, að arfleiddslan verði metin gild og lögð til grundvallar við skipti á dánarbúinu að öðru leyti en um þriðjungshluta í lögbýlinu Ísólfsskála, sem falli þá í hlut lögerfingja Herthu og látins eiginmanns hennar, Ísólfss Guðmundssonar. Í báðum tilvikum krefjast sóknaraðilar málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðilar krefjast staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Fyrir héraðsdómi stóðu að sókn málsins við hlið sóknaraðilanna fyrir Hæstarétti þau Elfriede Schoch, Fritz Wegwitz, Elisabeth Ulijan, Hildegard Ide og Karítas Una Daníelsdóttir auk Ríkisspítalanna vegna Vífilsstaðaspítala, en öll höfðu þau verið tilnefnd til arfs í fyrrnefndu uppkasti Herthu W. Guðmundsson að erfðaskrá. Þessir aðilar hafa ekki látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti.

Fallist verður á það með héraðsdómara, að munnleg arfleiddsla hafi ekki farið fram á fundi Ásgeirs Jónssonar og Halldórs Halldórssonar með Herthu W. Guðmundsson 17. nóvember 1994, heldur hafi þar aðeins verið undirbúin gerð skriflegrar erfðaskrár. Þegar af þessari ástæðu verður niðurstaða hins kærða úrskurðar staðfest.

Dæma verður sóknaraðila til að greiða varnaraðilum kærumálskostnað, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðilar, Agnes Jónsdóttir og Eyrún Jónsdóttir, greiði sameiginlega varnaraðilum, Jóni V. Guðmundssyni, Guðmundu H. H. Guðmundsdóttur, Sigrúnu R. Guðmundsdóttur, Sólrúnu Guðmundsdóttur, Valgerði G. Guðmundsdóttur, Lilju Vilhjálmsdóttur, Arnfríði Vilhjálmsdóttur, Bjarna Bergssyni, Guðbergi Bergssyni, Vilhjálmi Bergssyni, Hinrik Bergssyni, Erlu Jónsdóttur, Kristjáni I. Einarssyni, Hildi Einarsdóttur og Ásdísi Einarsdóttur, samtals 80.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 18. desember 1995.

Með bréfi til Héraðsdóms Reykjaness, dagsettu 22. september 1995, beiddist Helgi Jóhannesson hdl., skiptastjóri, þess, að dómurinn leysti úr ágreiningi um skipti á dánarbúi Herthu W. Guðmundsson, kt. 270823-3789, síðast til heimilis að Ísólfsskála, Grindavík. Hertha lést 22. nóvember 1994. Hún var ekkja eftir Ísólf Guðmundsson, kt. 121022-7619, sem lést 3. júlí 1994. Þau voru barnlaus. Var Hertha einkaerfingi eiginmanns síns. Með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness 18. ágúst 1995 var dánarbú Herthu tekið til opinberra skipta.

Í nefndu bréfi skiptastjóra segir m.a.: „Á skiptafundi í búinu, sem haldinn var 31. ágúst sl., gerðu lögmenirnir Ásbjörn Jónsson hdl. og Vilhjálmur Þórhallsson hrl. þá kröfu, að búinu yrði skipt á grundvelli óundirritaðs uppkasts að erfðaskrá, sem hin látna lét eftir sig. Fulltrúi systkina og systkinabarna Ísólfss heitins Guðmundssonar, Jóhannes K. Sveinsson hdl., mót-mælti kröfu þessari f. h. umbj. sinna.

Með vísan til 3. mgr. 53. gr. laga nr. 20/1991 tilkynnti undirritaður aðilum málsins, að hann teldi það ekki standast að leggja erfðaskráruppkastið til grundvallar við skiptin, þar sem um er að ræða óundirritaða erfðaskrá, sem ekki fullnægir formaskilyrðum erfðalaga nr. 8/1962. Þá telur undirritaður, að ákvæði 44. gr. erfðalaga geti átt við í máli þessu. Ekki hefur tekist að ná sáttum með aðilum í máli þessu, og er því ljóst, að héraðsdómur þarf að leysa úr ágreiningnum um gildi erfðaskráruppkastsins.“

Mál þetta var þingfest 25. október 1995. Það var tekið til úrskurðar að lokinni aðalmeðferð 1. desember sl.

Sóknaraðilar málsins eru: Agnes Jónsdóttir, kt. 260645-3909, Hvassahrauni 8, Grindavík, Eyrún Jónsdóttir, kt. 240748-3559, Austurvegi 20, Grindavík, Elfriede Schoch, Bingerstrasse 6, Mainz, Þýskalandi, Fritz Wegwitz, Eiderbrook 112, Kiel, Þýskalandi, Elisabeth Ulijan, Bresegard, Hagenow, Mecklenburg, Þýskalandi, Hildegard Ide, Breitscheiderstrasse 20, 19306, Neustadt-Glewe, Þýskalandi, Karítas Una Daníelsdóttir, kt. 130767-5679, Ránargötu 5, Grindavík, Ríkisspítalar vegna Vífilsstaðaspítala, Garðabæ.

Sóknaraðilar eru allir nefndir til arfs í fyrrnefndu erfðaskráruppkasti. Auk þeirra skyldi Grindavíkurkirkja taka arfshlut, en hún lét málið ekki til sín taka, hvorki hjá skiptastjóra né fyrir dómi. Þá var og Hinrik Bergsson nefndur til arfs, en hann er meðal varnaraðilja málsins, sjá síðar.

Varnaraðilar eru eftirlifandi systkin Ísólfss Guðmundssonar, maka Herthu, og afkomendur þeirra systkina hans, sem látin eru, svo sem hér segir: Jón V. Guðmundsson, kt. 040621-3779, Skólabraut 4, Grindavík,

Guðmunda H. H. Guðmundsdóttir, kt. 120718-4449, Sólvallagötu 11, Keflavík, Eyrún R. Guðmundsdóttir, kt. 090516-4939, Skólabraut 6, Grindavík, Sólrún Guðmundsdóttir, kt. 091213-7299, Ránargötu 2, Grindavík, Valgerður G. Guðmundsdóttir, kt. 060512-4189, Lundi, Grindavík, Lilja Vilhjálmsdóttir, kt. 161209-4659, Garði, Arnfríður Vilhjálmsdóttir, kt. 120806-3789, Hólmgarði 56, Reykjavík.

Synir Jóhönnu G. Vilhjálmsdóttur, látinnar systur Ísólfs Guðmundssonar: Bjarni Bergsson, kt. 020730-3589, Álftheimum 66, Reykjavík, Guðbergur Bergsson, kt. 161032-4929, Vífilsgötu 6, Reykjavík, Vilhjálmur Bergsson, kt. 021037-2819, búsettur í Þýskalandi, Hinrik Bergsson, kt. 131042-7799, Austurvegi 4, Grindavík.

Dóttir Jóns H. Vilhjálmssonar, látins bróður Ísólfs Guðmundssonar: Erla Jónsdóttir, kt. 111028-4199, Suðurvangi 6, Hafnarfirði.

Börn Einars, látins sonar Jóns H. Vilhjálmssonar: Kristján Einarsson, kt. 151052-4449, Aflagranda 4, Reykjavík, Hildur Einarsdóttir, kt. 081056-2509, Frostaskjólí 33, Reykjavík, Ásdís Einarsdóttir, kt. 011060-2939, búsett í Noregi.

Svo sem fyrr segir, er Hinrik Bergsson, kt. 131042-7799, arftaki samkvæmt erfðaskráruppkastinu, en hann kaus að vera varnar megin í máli þessu sem lögerfingi Herthu og Ísólfs.

Endanlegar dómkröfur sóknaraðila eru sem hér segir: aðallega, að við skipti á dánarbúi Herthu W. Guðmundsson, verði munnleg erfðaskrá, er hún gerði 17. nóvember 1994, dæmd gild og við skipti dánarbúsins verði efni erfðaskrárinnar, sem fram kemur í óundirrituðu uppkasti að erfðaskrá, lagt til grundvallar.

Til vara er þess krafist, að erfðaskráin verði lögð til grundvallar að undanskildum 1/3 hluta lögbýlisins Ísólfskála, sem fellur í hlut lögerfingja Herthu W. Guðmundsson og Ísólfs Guðmundssonar. Þá er þess krafist, að varnaraðilum verði in solidum gert að greiða sóknaraðilum málskostnað að skaðlausu. Málskostnaðarreikningar vegna Agnesar og Eyrúnar Jónsdætra annars vegar og systkina Herthu W. Guðmundsson og Karítasar Unu Daníelsdóttur hins vegar voru lagðir fram við aðalmeðferð málsins.

Varnaraðilar krefjast þess, að við skipti á dánarbúi Herthu W. Guðmundsson komi helmingur eigna búsins í hlut varnaraðila. Þá er þess krafist, að sóknaraðilum verði in solidum gert að greiða málskostnað að skaðlausu skv. málskostnaðarreikningi eða að mati dómsins. Málskostnaðarreikningur hefur ekki verið lagður fram.

Nánar um málavexti.

Hertha W. Guðmundsson gekk frá einkaskiptum á dánarbúi eiginmanns síns, Ísólfs Guðmundssonar, í september 1994, segir í greinargerð sóknaraðilanna Agnesar og Eyrúnar. Hertha hafði skv. fram lögðu læknisvottorði greinst með alvarlegan lungnasjúkdóm seint á árinu 1988. Sá sjúkdómur fór versnandi, og 25. október 1994 var hún lögð inn á Vífilsstaðaspítala vegna hans.

Að boði Herthu fóru Ásgeir Jónsson héraðsdómslögmaður og Halldór Halldórsson bókarari til fundar við hana á spítalanum fimmtudaginn 17. nóvember 1994. Í greinargerðum sóknaraðila er þess getið, að ætlunin hafi verið, að þeir kæmu til hennar 10. nóvember, en fundinum hafi þá verið frestað vegna veikinda hennar. Styðst þetta við fram lagt minnisblað þeirra Ásgeirs og Halldórs, sem dagsett er 24. nóvember 1994. Á því minnisblaði kemur fram, að á ríflega klukkustundarlöngum fundi 17. nóvember hafi verið farið yfir gerð erfðaskrár. Ásgeir skráði hjá sér minnisþunkta, sem fram hafa verið lagðir í málinu. „Hertha var mjög hress á ofangreindum fundi,“ segir á minnisblaðinu, „og var ekki að sjá, að þar færi kona, sem væri líkleg til að látast eftir svo skamman tíma sem raun ber vitni.“ Áður en fundinum lauk, var talað um, að þeir Ásgeir og Halldór kæmu ásamt lög-
bókanda aftur til Herthu fimmtudaginn 24. nóvember með erfðaskrána til undirritunar og vottunar. Þriðjudaginn 22. nóvember bárust þeim Halldóri og Ásgeiri boð frá spítalanum. Hjúkrunarkona „tjáði Halldóri, að Hertha væri lögst í rúmið, hún væri með fullri meðvitund og fær um að skrifa undir erfðaskrá. Hins vegar gæti svo farið, að Hertha lifði ekki af nk. nótt, ef ástand hennar batnaði ekki“. Svo segir á minnisblaðinu. Þeir Ásgeir og Halldór komu á Vífilsstaðaspítala kl. 18.20 þennan dag ásamt lög-
bókanda, fulltrúa sýslumannsins í Hafnarfirði. Þeir fengu þá að vita, að Hertha væri að skilja við.

Fram hefur verið lagt endurrit úr notarialbók með þessari bókun:

„Ár 1994, þriðjudaginn 22. nóvember kl. 18.20, var undirritaður notarius publicus staddur að Vífilsstaðaspítala ásamt Ásgeiri Jónssyni hdl. og Halldóri Halldórssyni, kt. 250764-4059. Ætlunin var að staðfesta erfðaskrá Herthu B. [svo] Guðmundsson, kt. 270823-3789, er dvaldist á Vífilsstaðaspítala. Þegar undirritaðir komu á staðinn, var Hertha hins vegar nýlátin. Undirritaður notarius publicus var beðinn að koma á staðinn af Ásgeiri Jónssyni. Ásgeir lagði fram óundirritaða erfðaskrá, er hann kvaðst nýbúinn að gera samkvæmt fyrirmælum hinnar látnu 17. nóvember sl.“

Bókun þessa staðfestu Ásgeir Jónsson og Halldór Halldórsson með nafnritun sinni, en bókunina undirritaði síðan Sigurður Brynjar Halldórsson, fulltrúi sýslumannsins í Hafnarfirði.

Erfðaskráruppkastið þykir dómara rétt að taka hér upp í heilu líki:
 „Ég undirrituð, Hertha B. [svo] Guðmundsson, kt. 270823-3789, með lögheimili að Ísólfseskála, Grindavík, dvalarstað að Austurvegi 18, Grindavík, en dvelst nú að Vífilsstaðaspítala í Garðabæ og á enga niðja, geri hér með svohljóðandi:

E R F Ð A S K R Á :

1. grein.

Eftir andlát mitt skulu þau Agnes Jónsdóttir, kt. 260645-3909, Hvassahrauni 8, Grindavík, Eirún [svo] Jónsdóttir, kt. 240748-3559, Austurvegi 20, Grindavík, og Hinrik Bergsson, kt. 131042-7799, Austurvegi 4, Grindavík, erfa í óskiptri sameign í jöfnum eignarhlutum lögbylið Ísólfseskála í Grindavík ásamt mannvirkjum, hlunnindum og öllu, sem jörðinni fylgir og fylgja ber, að undanskildum sauðfjárvóta (framleiðsluréttur), sem tilheyrir jörðinni.

2. grein.

Þeir erfingjar, sem tilgreindir eru í 1. gr., skulu erfa að jöfnu allt innbú mitt.

3. grein.

Lausafé, landbúnaðarvélar, sauðfjárvóti og annað, sem ekki telst vera innbú, sbr. 2. gr., skal selt að undanskilinni Skoda Favorit-bifreið, árgerð 1994, fnr. RA-703. Andvirði þessara eigna, framangreind bifreið og aðrar peningalegar eignir mínar skulu skiptast þannig:

Karítas Una Daníelsdóttir, kt. 130767-5679, Ránargötu 5, Grindavík, skal erfa framangreinda Skoda Favorit-bifreið og 300.000 kr. í peningum.

Grindavíkurkirkja skal erfa 100.000 kr. í peningum.

Aðrar peningalegar eignir, sem eftir kunna að standa, skiptast þannig:

Vífilsstaðaspítali skal erfa 25% af þeim peningum, sem eftir kunna að standa.

Systkini mín, sem verða lifandi að mér látinni, skulu erfa að jöfnu það, sem eftir stendur af peningalegum eignum (75%), en núlifandi systkini mín eru þessi:

Elfriede Schoch, til heimilis að Bingerstr. 6, Mainz I, Þýskalandi, Fritz Wegwitz, til heimilis að Eiderbrook 112, Kiel I, Þýskalandi, Elísabet Ulijan, til heimilis að Bresegard, Hagenow, Mecklenburg, Þýskalandi, og Hildergard Ide, til heimilis að Breitscheidstr. 20, 19306, Neustadt-Glewe, Þýskalandi.

4. grein.

Af peningalegum eignum skal halda eftir nægjanlegu fé til að standa straum af kostnaði við útför mína og til þess að ganga frá legsteini á leiði mitt og eiginmanns míns, Ísólfs Guðmundssonar, sem lést 3. júlí 1994.

Þá skal haldið eftir nægjanlegu fé til að greiða kostnað vegna skipta á búi mínu, sbr. 5. gr., og til þess að greiða skuldir, sem mér kunna að vera viðkomandi.

5. grein.

Ég tilnefni þá Halldór Halldórsson, kt. 250764-4059, Arnarhrauni 4, Grindavík, og Ásgeir Jónsson héraðsdómslögmann, kt. 210159-4799, Tjarnargötu 2, Keflavík, til að sjá um skipti á búi mínu, til þess að ráðstafa eignum og taka við andvirði seldra eigna, sbr. framangreint, til þess að sjá um uppgjör skulda og til þess að sjá um öll atriði, er varða erfðaskrá þessa og skipti á búi mínu.

6. grein.

Nafn mitt skal þannig tilgreint á legsteini: Hertha Wegwitz Guðmundsson.

7. grein.

Erfðaskrá þessa undirrita ég í viðurvist lögbókanda í Garðabæ, og skal hún færð í lögbókandabók.

Vífilsstaðaspítala, Garðabæ, 22. nóvember 1994.

Ár 1994, þriðjudaginn 22. nóvember, var undirritaður lögbókandi staddur að Vífilsstaðaspítala, Garðabæ. Fyrir mig kom þá Hertha B. [svo] Guðmundsson, sannaði á sér deili og lagði fram þessa erfðaskrá, sem hún undirritaði í minni viðurvist. Gerði hún það af fúsum og frjálsum vilja og kvað erfðaskrána hafa að geyma vilja sinn.

Lögbókandinn í Garðabæ, 22. nóvember 1994.“

Í minnispunktum þeim, sem Ásgeir Jónsson hdl. skráði hjá sér (ljósrít þeirra var lagt fram í málinu), eru skráð þau efnisatriði, sem fram koma í 1. gr. og 3. gr. erfðaskráruppkastsins. Ekkert er þar um efni 2. gr. og ekki heldur 4.-7. gr.

Tvö læknisvottorð hafa verið lögð fram í málinu.

Á minnisblaði þeirra Ásgeirs Jónssonar og Halldórs Halldórssonar segir, að eftir fundinn 17. nóvember „óskaði Ásgeir eftir því við hjúkrunarkonu á vakt . . . að fá sent vottorð lækni um sjúkrahússlegu Herthu. Vottorðið skyldi nota hjá sýslumanni til þess að fá fulltrúa til að mæta og vera við-

staddan undirritun erfðaskrár og til að færa hana í lögþóttabók“. Umrátt vottorð er dagsett 18. nóvember 1994 og undirritað af Benedikt Guðbrandssyni lækni. Þar segir, að Hertha Guðmundsson hafi legið „hér á lungnadeild Vífilsstaðaspítala frá 25. október sl. Hún er stöðugt með súrefni og er á það mikilli lyfjameðferð, að hún getur ekki farið neitt utan húss um óákveðinn tíma“. Vottorðsgjafi hefur ekki komið fyrir dóm.

Hið síðara vottorð er ritað að beiðni lögmanns sóknaraðila, systkina Herthu W. Guðmundsson. Það er dagsett 16. nóvember 1995 og undirritað af Andrésí Sigvaldasyni „sérfræðingi“. Þar segir m. a., að Hertha hafi í fyrsta sinn legið á lungnadeild Vífilsstaðaspítala seint á árinu 1988 og þá greinst hjá henni sjaldgæfur, alvarlegur lungnasjúkdómur, „cryptogen fibrosing alveolitis“. Sjúkdómurinn sé yfirleitt banvænn, og að meðaltali lifi sjúklingar í þrjú til fimm ár, eftir að sjúkdómurinn greinist. Þá segir, að sjúkdómur Herthu hafi þegar við greiningu 1989 verið langt fram genginn. Hún hafi fengið lyfjameðferð, sem í byrjun hafi greinilega gefið nokkurn árangur, en í ársbyrjun 1992 hafi ástandið versnað, svo að hún hafi þurft viðbótarsúrefni. Síðan segir orðrétt:

„Síðan fór ástand sjúkl. smám saman versnandi, og var hún lögð hér inn 25. október, þá með merki um aukna h. hjartabilun, sem er afleiðing og lokastig alvarlegra, langvinnra lungnasjúkdóma. Ástand versnaði síðan nokkuð skyndilega aðfaranótt 21. nóvember, og sjúkl. lést 22. nóvember kl. 18.20, eftir að hafa verið að mestu meðvitundarlaus þann dag.“

Vottorðsgjafi kom ekki fyrir dóm.

Forsendur og niðurstöður.

Sannað er, m. a. með vætti Ásgeirs Jónssonar og Halldórs Halldórssonar, að á fundi þeirra með Herthu W. Guðmundsson 17. nóvember 1994 fór ekki fram munnleg arfleidsla, heldur voru þeir komnir á hennar fund til að undirbúa gerð skriflegrar erfðaskrár, og gerðu þau þrjú ráð fyrir, að hún yrði undirrituð viku síðar. Af þessum sökum fóru þeir Ásgeir og Halldór ekki að fyrirmælum 44. gr. erfðalaga um skráningu og vottun, sbr. 40.–43. gr. sömu laga. Svo virðist sem erfðaskráruppkastið, er sóknaraðilar vilja, að lagt verði til grundvallar skiptum, hafi verið skráð fimm dögum eftir þennan fund, en ekki svo skjótt sem verða mátti. Ekkert formlegt arfleidsluvottorð liggur fyrir.

Upplýst er með minnisblaði Ásgeirs Jónssonar hdl. og Halldórs Halldórssonar bókara og vætti þeirra, að Hertha var á fundinum 17. nóvember „mjög hress“, „og var ekki að sjá að þar færi kona, sem væri líkleg til að látast eftir svo skamman tíma sem raun ber vitni“. Samkvæmt þessu var ekki

uppfyllt það skilyrði 44. gr. erfðalaga, að arfleifandi yrði skyndilega og hættulega sjúkur eða lenti í bráðri hættu. Var enda ekkert því til fyrirstöðu að svo stöddu, að gerð yrði skrifleg erfðaskrá, sem Hertha undirritaði, eins og ætlunin var.

Í erfðaskráruppkastinu eru ákvæði, sem ekki eru í þeim minnispunktum sem Ásgeir Jónsson skráði hjá sér á fundinum 17. nóvember. Vitnin Ásgeir og Halldór báru, að Hertha hefði á fundinum verið búin að gera endanlega upp hug sinn um arfleifðsluna. Hún hefði þó verið að velta fyrir sér, hve mikið fé ætti að koma í hlut systkina hennar. Í minnispunkta sína hefur Ásgeir Jónsson fyrst skráð, að þau skyldu fá 30% af tiltekinni peningalegri eign, en strikað yfir þá tölu og skráð 75%, sbr. 5. mgr. 3. gr. erfðaskráruppkastsins. Hertha lést fimm dögum eftir þennan fund. Dómari virðir svo það, sem nú hefur verið ritað, að ekki sé sannað, að hið óundirritaða erfðaskráruppkast hafi að geyma hinsta vilja Herthu W. Guðmundsson. Hið sama gildi raunar um minnispunkta Ásgeirs Jónssonar hdl.

Af framanskráðu leiðir, að eftir Herthu W. Guðmundsson liggur ekki gild erfðaskrá. Ber því að hafna kröfum sóknaraðila í máli þessu, en fallast á kröfur varnaraðila.

Um málskostnað.

Eftir atvikum þykir dómara rétt, að sóknaraðilar greiði in solidum varnaraðilum 300.000 kr. í málskostnað auk virðisaukaskatts.

Finnur Torfi Hjörleifsson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Hafnað er kröfu sóknaraðila, Agnesar og Eyrúnar Jónsdætra o. fl., að gild verði dæmd „munnleg erfðaskrá“ Herthu W. Guðmundsson, kt. 270823-3789, sbr. óundirritað uppkast að erfðaskrá, dagsett 22. nóvember 1994.

Við skipti á dánarbúi Herthu W. Guðmundsson komi helmingur eigna búans í hlut varnaraðila, Jóns V. Guðmundssonar og annarra lögerfingja Ísólfis Guðmundssonar, kt. 121022-7619.

Sóknaraðilar greiði in solidum varnaraðilum 300.000 krónur í málskostnað auk virðisaukaskatts.
